

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Í ólgusjó alþjóðlegrar samkeppni

Sveinn Agnarsson


Prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Erindi haldið á Sjávarútvegsráðstefnunni 2022




Fiskveiði og eldi

Helstu fiskveiðipjóðir árið 2020



Heimild: FAO


Helstu fiskeldisþjóðir árið 2020




Heimild: FAO

- Árið 2020 var Íslandi í 17. sæti yfir mestu fiskveiðipjóðir heims.
- Kína veiddi þá 12 milljónir tonn, Ísland 1,0
- Ísland komst ekki á blað yfir mestu fiskeldisþjóðir
- Framleiðsla í fiskeldi í Kína nam þá 70,5 milljónum tonna
- Sjávarafurðir víða í mikilli samkeppni við fiskeldisafurðir
- Mikil samkeppni einnig á milli afurða úr ólíkum fisktegundum
- Harður heimur – grimm samkeppni

Íslenskur sjávarútvegur og umheimurinn




Helstu markaðslönd íslenska sjávarafurða árið 2021



- Nær allur afli sem landað er á Íslandi er unninn í afurðir sem eru seldar á alþjóðlegum mörkuðum
- Árið 2021 fóru 15% til Bretlands og 14% til Frakklands
- Mikilvægir markaðir í ESB, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kína
- Íslenskur sjávarútvegur í samkeppni við alþjóðleg fyrirtæki á mörkuðum um allan heim

Íslenskur sjávarútvegur og samkeppni innan ESB

Samkeppnin við lönd utan ESB á mörkuðum innan ESB



Heimild: EUMOFA

Á mörkuðum innan ESB eiga íslensk fyrirtæki í harðri samkeppni við sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtæki frá öðrum löndum utan ESB

- Noregur
- Bretland
- Kína
- Marokkó
- Ekvador
- Bandaríkin
- Víetnam
- Grænland
- Indland
- Færeyjar

Einnig samkeppni við fyrirtæki innan ESB

Hvað styrkir samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs?



- Sjálfbærar veiðar byggðar á stefnu sem miðar að langtíma hámarksafrakstri
- Aflamarkskerfið - langtímahugsun
- Vottaðar veiðar (þó ekki makríl, kolmunni og norsk-íslensk síld)
- Lítið kolefnisspor
- Stjórnun fiskveiða og eftirlit
- Gegnsæ verðmyndun á innlendum fiskmörkuðum – mótar viðmiðunarverð
- Samþætt fyrirtæki
- Náið samstarf við tækni- og þekkingarfyrirtæki – gagnkvæmir hagsmunir
- Hefð og þekking
- Aðgangur að mörkuðum (EES og aðrir samningar)



Samkeppnishæfni og líkan Porters

Kraftarnir fimm



Heimild: Róbert Ingi Tómasson (2018)

Líkan Porters (1979) af kröftunum fimm má nota til að meta samkeppnisstöðu fyrirtækja

- Fjöldi fyrirtækja á markaði og markaðsstaða
- Möguleiki nýrra fyrirtækja til að koma inn á markaðinn
- Samningsstaða birgja; er hægt að kaupa af mörgum birgjum eða hafa þeir sérstöðu?
- Samningsstaða kaupenda; er fyrirtækið upp á fúa og sterka kaupendur komið?
- Staðgönguvörur; geta aðrar vörur komið í stað þeirra sem fyrirtækið framleiðir?

Fimm krafta líkan Porters



Fjöldi fyrirtækja á markaði og markaðsstaða

- Mörg fyrirtæki á íslenskum markaði og fjöldamörg erlend á heimsmörkuðum
- Íslensk fyrirtæki verða í mörgum tilvikum að taka verðinu sem gefnu (price-takers)
- Íslensk fyrirtæki eru lítil í alþjóðlegum samanburði

Möguleiki nýrra fyrirtækja til að koma inn á markaðinn

- Flestir fiskstofnar sem er veitt úr í dag eru fullnýttir
- Ýmsir vannýttir stofnar, aðrir ónýttir
- Ný fyrirtæki geta tæplega komið inn í fiskveiðar nema kaupa þau sem fyrir eru
- Meiri möguleikar í fiskvinnslu
- Ný fyrirtæki geta komið inn í fiskeldi
- Dýrt að kaupa fiskiskip eða setja upp nútíma, tæknivædda vinnslu

Fimm krafta líkan Porters



Samningsstaða birgja

- Samþætt íslensk fyrirtæki hafa aðgang að eigin hráefni
- Erfiðara fyrir fyrirtæki sem ekki eru í föstu viðskiptasambandi við önnur
- Möguleikar á að kaupa hráefni á fiskmörkuðum
- Gott samstarf við tækni- og þekkingarfyrirtæki

Samningsstaða kaupenda

- Fjölmargir kaupendur á alþjóðlegum mörkuðum
- Fyrirtæki geta átt í föstu viðskiptasambandi við heild- eða smásala
- Fyrirtæki skapa sér sérstöðu með því að finna sína hillu – hærra verð, en hugsanlega meira háðir kaupendum
- Kaupendur með sterkari stöðu en seljendur

Fimm krafta líkan Porters



Staðgönguvörur

- Íslenskar sjávarafurðir keppa í mörgum tilvikum við afurðir frá öðrum löndum sem eru unnar úr sömu fisktegundum
- Rannsóknir gefa einnig til kynna að töluverð staðgang sé á milli ólíkra hvítfisktegunda í Evrópu, en það er þó misjafnt eftir löndum og tegundum
- Eldisfiskur er einnig í samkeppni við ferskar, kældar eða frystar afurðir
- Umhverfisvænar og vottaðar veiðar geta stundum gefið forskot – betri aðgang að mörkuðum


Hvað veikir samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs?



- Óvissa um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar – veikir langtímahugsun
- Útflutningur á óunnum fiski
- Nýjar og fullkomnar fiskvinnslur í öðrum löndum sem nýta sömu tækni og íslensk fyrirtæki – sumar byggðar fyrir opinbera byggðastyrki
- Fiskvinnsla á Íslandi er lagskipt; stóru fyrirtækin geta komið sér upp afkastamiklum fiskiðjum er nýta nýjustu tækni og búnað, minni fyrirtæki hafa lakari möguleika á að feta þessa slóð – getur ýtt enn frekar undir útflutning á óunnum fiski
- Ósamkomulag um nýtingu uppsjávarveiðistofna í norðaustur Atlantshafi



Útflutningur á óunnum fiski



Neikvætt samband á milli þess magns sem flutt er út og raungengis

Þegar raungengi hækkar er minna flutt út

Útflutningur á óunnum fiski sveiflast til á milli ára


Var 65 þúsund tonn árið 2008 og 2021

Í tonnum var árið 2021 mest flutt út af þorski og ýsu – 15 þúsund tonn

Hlutfallslega mest flutt út af steinbít (68% af afla) og skarkola (65%)

Vandkvæðum bundið að vinna sumar tegundir hérlandis

Meðalstór og minni fiskvinnslufyrirtæki standa illa



Samkeppnisstaða næstu ára

Stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin hafa alla burði til að standast erlendum keppinautum snúning

Tæknivædd samþætt fyrirtæki með góða nýtingu

Geta sérhæft sig í vinnslu á ákveðnum tegundum sem mikið veiðist af

Smærri fyrirtæki gætu lent í erfiðleikum

- Samkeppni við erlend láglaunasvæði
- Samkeppni við erlend fiskvinnslufyrirtæki sem hafa sömu tækni og búnað og þau íslensku
- Vegna stærðarinnar eru þau ekki jafn hagkvæm og geta ekki tileinkað sér hina nýju tækni
- Erfitt fyrir fyrirtæki að vinna afla af ólíkum fisktegundum